

GUÐMUNDUR EINARSSON FRÁ MIÐDAL - LIST FYRIR ANDANN, ÞRÓUNINA OG LÍFIÐ

Kristín G. Guðnadóttir, listfræðingur.

I.

Guðmundur Einarsson frá Miðdal var einn þeirra manna sem settu svip á mótunarskeið íslenskrar myndlistar á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar.

Hann fæddist þann 5. ágúst 1895 og ólst upp í Miðdal í Mosfellssveit, elstur ellefu barna foreldara sinna þeirra Valgerðar Jónsdóttur og Einars Guðmundssonar. Guðmundur duglegur og atorkusamur strákur, fjölhæfur með vítt áhugasvið. Honum var margt til lista lagt og frá unga aldri fékkst hann við að teikna, smíða, skera út og gera tilraunir til leirbrennslu í heimagerðum ofni á hlóðunum í eldhúsinu.ⁱ Auk þess að hafa brennandi áhuga á listsköpun og handíðum stundaði hann íþróttir af kappi og lagði alla tíð mikla áherslu á líkamsrækt, hreysti og heilbrigði. Hann var frá sextán ára aldri félagi í Ungmennafélaginu Aftureldingu í Mosfellssveit og lagði stund á flestar þær íþróttagreinar sem tíðkaðar voru, svo sem fimleika, glímu, sund og knattspyrnu. Fjallgöngur og skíðaiðkun átti þó mest ítök í honum og hann varð síðar einn af hvatamönnum þess að kynna þessar íþróttagreinar fyrir almenningi og stuðla að framgangi þeirra. ⁱⁱ Kenningar ungmennafélagshreyfingarinnar höfðu einnig mótandi áhrif á Guðmund. Í viðtali nefnir hann að í starfi sínu á vegum hennar hafi hann lært að meta þá þjóðlegu vakningu sem hún hafði í för með sér.ⁱⁱⁱ Undir slagorðinu „Íslandi allt“ var markmið hreyfingarinnar að hvetja ungmenni til dáða og kveikja ættjarðarást í brjóstum þeirra, styðja, viðhald og efla allt það sem þjóðlegt var og rammíslenskt og væri til gagns og sóma fyrir hina íslensku þjóð.^{iv}

Strax frá æskuárum var Guðmundur mikill náttúruunnandi og Mosfellsheiðin var honum atvarf og ævintýraland. Sem sveitapiltur kynntist hann náttúrunni frá öllum hliðum jafnt í sumarblíðu sem mannskaðaveðrum og gerði sér grein fyrir dyntum hennar og ógnarkröftum. Þessi reynsla mótaði viðhorf hans og hafði áhrif á listsköpun hans síðar. Í bók sinni *Fjallamenn* lýsir hann því hvernig hann skynjar

náttúruna og ekki síst fjöllin: „töfrar fjallanna taka mann óvæntum tökum. Þeir líkjast bergmáli eða dularfullum hljómunum. Hver, sem einu sinni hefur orðið snortinn af fjallatöfrum, hann er frá þeirri stundu bergnuminn, hann leitar ávallt til fjalla, á meðan hann er frjáls. Fyrir þessu liggja lögmál, sem eru ofar orðtækum skilningi.“^v.

II.

Guðmundur flutti frá Miðdal upp úr 1913 og vann ýmis tilfallandi störf. Hann var um skeið við sjóróðra í Þorlákshöfn, var í vegavinnu auk þess að vera erindreki ungmennafélaganna á Suðurlandi og ferðast á vegum fjórðungsstjórna hennar til að kynna starfsemi félaganna og íþróttir.^{vi} Hugur hans stefndi þó til að afla sér menntunar á sviði lista. Í bréfi frá Guðmundi Eiríkssyni til Guðmundar dagsettu í Reykjavík 23. mars 1917 kemur fram að bréfitari hafi rætt við listmálarana Ásgrím Jónsson og Þórarinn B. Þorláksson, einnig Einar Jónsson, myndhöggvara og Stefán Eiríksson, tréskurðarmeistara, sýnt þeim myndir Guðmundar og beðið þá að meta hæfileika hans. Þeir voru allir þeirrar skoðunar að Guðmundur hefði hæfileika og ætti að læra myndlist og lögðu til að hann dveldi í Reykjavík a.m.k. einn vetur og lærði hjá þeim. Einnig töldu þeir að hann ætti að leggja kapp á að læra þýsku og töldu sjálfsagt að hann færi síðan til Þýskalands til frekara náms, en ekki til Kaupmannahafnar.^{vii}

Hann virðist í kjölfarið hafa flutt til Reykjavíkur til að afla sér undirstöðuþekkingar í myndlist og lært hjá einhverjum þessara manna. Stefán Eiríksson kenndi tréskurð og rak teikniskóla í Grjótagötu 6. Guðmundur getur þess í viðtali að hann hafi lært teikningu hjá Stefáni á árunum 1911-13.^{viii} Þórarinn B. Þorláksson kenndi teikningu á nokkrum stöðum og mun Guðmundur hafa lært teikningu hjá honum einn vetur.^{ix} Veturinn 1918-19 hafði Guðmundur vinnuaðstöðu hjá Ríkarði Jónssyni og hefur eflaust einnið notið tilsagnar hans, en þennan vetur hélt Ríkarður teikniskóla og lét nemendur sína teikna eftir karlkyns módeli.^x

Guðmundur virðist hafa verið fljótur að tileikna sér undirstöðuatriði höggmyndalistar, því um 1917 fólu þeir Vilhjálmur Knutsen og Karl Olsen honum að gera sjö höggmyndir sem prýða skyldu nýtt og einkar veglegt stórhýsi Nathan og Olsen í Austurstræti 16.^{xi} Húsið er teiknað af Guðjóni Samúelssyni og hafist var handa um byggingu þess árið 1916. Var þetta upphafið að áratuga langri samvinnu þeirra Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Einarssonar.

Höggmyndalist á Íslandi var á frumskeiði og hinn ungi myndasmiður gat leitað fyrirmynda í örfáum verkum nokkurra myndhöggvara á opinberum stöðum í Reykjavík. Verk þessi voru nær undantekningarlaust minnisvarðar um merka menn og höfðu það hlutverk að halda á lofti minningu um menningu og sögu þjóðarinnar, ala á þjóðrarstolti og hetjudýrkun. Hin klassíska sjálfsmynd Bertels Thorvaldsen sem sett var upp árið 1875 og prýddi Austurvöll var fyrsta höggmynd bæjarins. Í miðbæ Reykjavíkur voru þrjár höggmyndir eftir Einar Jónsson; standmyndir af þeim Jóni Sigurðssyni, Jónasi Hallgrímssyni og Kristjáni konungi IX. Verk hans Útlagar frá árinu 1901 sem markað upphaf íslenskrar höggmyndalistar prýddi auk þess anddyri Íslandsbanka.^{xii} Ríkarður Jónsson fékkst á þessu skeiði við gerð brjóstmynda og minnisvarða. Árið 1915 var sett upp í Lystigarðinum á Akureyri brjóstmynd hans af séra Matthíasi Jochumssyni, en sama ár hélt hann sýningu á verkum sínum í Reykjavík og sýndi m.a. nokkrar brjóstmyndir af merkum Íslendingum.^{xiii} Minnismerki hans um Tryggva Gunnarsson var reist í garði Alþingishússins um svipað leyti og Guðmundur vann að gerð verka sinna.

Guðmundur hefur án efa þekkt allar þessar höggmyndir, sem flestar voru í upphöfnum náúralískum stíl og orðið fyrir áhrifum frá þeim. Höggmyndirnar sem Guðmundur var falið að gera fyrir stórhýsi Nathan og Olsen áttu að tengjast viðskiptasögu Íslendinga. Myndirnar voru sjö talsins og allar mótaðar í gips. Hann valdi þá leið að móta náúralískar myndir með frásagnarlegu ívafi, en myndirnar sýndu víking, goðorðsmann, Björn Jórsalafara, Guðbrand Þorláksson, Skúla Magnússon, Jón Sigurðsson og Tryggva Gunnarsson, en allir þessir menn höfðu hver á sinn hátt haft veruleg áhrif á verslun og viðskipti á Íslandi. Verk þessi gefa vísbendingu um hvaða leið Guðmundur kaus að fylgja í höggmyndalist sinni.

III.

Haustið 1919 hélt Guðmundur til Kaupmannahafnar til að leita sér frekari listmenntunar en þau laun sem hann hafði fengið fyrir gerð höggmyndanna í Nathan og Olsenhúsinu gerðu honum kleift að halda utan til náms.^{xiv} Einar Benediktsson, skáld og athafnamaður, sem var góðvinur föður Guðmundar bauð honum að búa hjá sér í Kaupmannahöfn og greiddi leið hans í listnám. ^{xv} Dvaldi hann í Kaupmannahöfn

einn vetur. Litlar heimildir eru til um nám hans, en á einum stað nefnir Guðmundur að hann hafi teiknað eftir gipsafsteypum af gömlum grísku höggmyndum í Kaupmannahöfn.^{xvi} Guðmundur hefur líklega stundað nám í einkaskóla Viggo Brandt sem var til húsa í höggmyndadeild Ríkislistasafnsins.^{xvii} Nokkrir Íslendingar stunduðu nám hjá honum veturinn 1919-20 m.a. þeir Ásmundur Sveinsson og Finnur Jónsson, sem hluta af undirbúningsnámi fyrir inntökupróf Listaháskólans.^{xviii}

Listalíf borgarinn stóð í miklum blóma. Á stríðsárunum gætti aukinnar róttækni í danskri myndlist, en danskir listamenn sem búsettir höfðu verið víðsvegar um Evrópu flúðu heim og með þeim komu nýir straumar. Iðulega voru haldnar sýningar á framsækinni, evrópskri myndlist, sumar á vegum þýska listagallerísins *Der Sturm*. Þeir listamenn sem tileinkuðu sér nýstárleg viðhorf móðernismans skipuðu framvarðarsveit danskra myndlistar og gerjunin var mikil. Flestar þær stefnur sem uppi voru í evrópsku listalífi svo sem expressjónismi, kúbismi og fúturismi voru vel kynntar í Danmörku og eignuðust sína fulltrúa meðal danskra listamanna.^{xix} Hin ögrandi og róttæka listsköpun þessara listamanna varð kveikjan að heitri umræðu um hvert stefndi í danskri samtímalist.

Árið sem Guðmundur kom til Kaupmannahafnar tók umræðan nýja stefnu. C.J. Salomonsen, prófessor í læknisfræði setti fram þá kenningu að þær stórfelldu breytingar sem átt höfðu sér stað í myndlist samtímans ættu rætur að rekja til bráðsmitandi geðveiki sem breiddist út eins og eldur í sinu meðal myndlistarmanna. Kenningar prófessorsins urðu kveikjan að umfangsmestu listumræðu í Danmörku fyrr eða síðar. Prófessorinn fór mikinn, hélt fyrirlestara og gaf út bækur sem rökstuddu kenningar hans. Hann beindi spjótum sínum sérstaklega að expressjónisma, fúturisma og kúbisma og þeim listamönnum sem aðhylltust þessar stefnur og höfnuðu því að markmið listarinnar væri að skapa náúralíska eftirgerð af umheiminum. Þessar listastefnur voru að hans mati sjúkar og listamennirnir lifðu í sjúklegum hugmyndaheimi, sem fékk þá til að aðhyllast það sem ljótt var og vanskapað á kostnað þess sem væri fagurt og náttúrulegt. Deilur um kenningar prófessorsins (dysmorfismedebatten) héldu áfram fram til ársins 1920, en kenningar hans áttu sér að lokum fáa stuðningsmenn.^{xx}

Þetta var fyrsta alvarlega deilan um þróun samtímamyndlistar, eðli hennar og hlutverk sem Guðmundur átti kost á að fylgist með, því umræða um myndlist á Íslandi var veikburða í byrjun aldarinnar. Í ljósi þeirra skoðana sem Guðmundur síðar meir hélt á lofti má færa fyrir því rök að hann hafi að einhverju leyti aðhyllst skoðanir Salomonsen. Guðmundur segir til dæmis 1961:

„Óskapnaðardýrkunni höfum við boðið heim, um þetta tízkufyrirbæri hefur verið hlaðið auglýsingaskrumi, fólki talin trú um að óskiljanlegt föndur sé „núttímalist“. Þar sem hér er aðeins um lítið brot að ræða af listsköpun aldarinnar, þá er það öfugmæli. Hitt er sanni nær að óskapnaður í list, sé fals og rotnunareinkenni nútímans. Kærkomið vopn þeim sem deyfa vilja fegurðarkennd og eilífðarþrá, en auka á upplausn og þrælsóttu. Það er barnalegt að rugla þessum sjúkdómsroða aldarinnar saman við frumleika og nýsköpun, hér er um að ræða hina sígildu spurningu: að vera eða vera ekki.“^{xxi}

IV.

Eftir vetursetu á Íslandi hélt Guðmundur til Þýskalands haustið 1921. Í vegabréfi hans sem var útgefið þann 15. september er hann titlaður myndhöggvari. Þýskaland var í sárum eftir heimsstyrjöldina fyrri, þar ríkti ódaverðbólga, atvinnuleysi og upplausn ásamt vaxandi þjóðernishyggju. Frá því um aldamót og fram að heimsstyrjöldinni fyrri var München eitt höfuðvígi framsækkinnar evrópskrar myndlistar. Um aldamótin var borgin miðdepill jugendstílsins og þar þróaðist expressjónisminn, ekki síst fyrir tilstilli rússneska listamannsins Wassily Kandinsky sem ásamt Gabrielle Münter, Frans Marc, August Macke og fleirum mynduðu listamannahópinn Der blaue Reiter. Fyrstu abstrakmyndir Kandinsky voru til dæmis málaðar fyrir fyrri heimstyrjöld.^{xxii} Eftir lok heimsstyrjaldarinnar og stofnun Weimarlýðveldisins var annað uppi á teningnum. Á því tímasteiði sem Guðmundur dvaldi í borginni einkenndist listalífið af andófi gegn expressjónisma og afturhvarfi til rómantískrar áttugalistar. Þessi tegund myndlistar fól m.a. í sér staðfræðilegar lýsingar á fjallalandslagi Bæjarlands, og sögulegar frásagnir með hetjulegum blæ.^{xxiii} Það andóf gegn móðernismanum sem Guðmundur varð vitni að í Danmörku var ríkjandi viðhorf í München sem hann

tileiknaði sér og gerði að sínu. Sumt sem hann ritaði fyrir 1940 ber reyndar vitni um leitandi viðhorf en andófið gegn módernismanum ágerðist með árunum.

Fáar heimildir eru til um listnám Guðmundar í München. Hann virðist hafa sótt kennslu í Listaháskólanum og einnig í einkaskóla myndhöggvarans Hans Schwegerle.^{xxiv} Atorku Guðmundar voru lítil takmörk sett og hann leitaðist við að afla sér víðtækrar listmenntunar; lagði stund á málalíst, gerð freskómynda, höggmyndalist og grafík, einnig lærði hann leirkerasmíð. Í viðtali frá árinu 1930 segist hann í æsku hafa mótað goðamyndir í leir og hert þær síðan við eld og þóttist þess fullviss að íslenskur leir væri nothæfur til brennslu. Því hafi hann gefið sig að leirkerasmíð í München, notið tilsagnar ágætustu kennara í gerð leirmuna og kalkmálningu og auk þess kynnst fullkomnum leirbrennsluverkstæðum í Þýskalandi.^{xxv}

Guðmundur lærði einnig gerð grafíkverka og hefur án efa tileiknað sér flestar tækniáferðir þessarar listgreinar en valdi að vinna með ætingar eða þurrnál. Lítil myndræn þorp og bæir eða landslag var það myndefni sem hann oftast kaus fyrir grafíkmyndir. Verk hans eru unnin í hefðbundnum stíl með skörpun útlínnum og kross-skyggningu í anda gamalla meistara. Félagi hans Leifur Kaldal lærði einnig grafík á sama tíma og fékkst við messótintur, tréristur og þurrnál.^{xxvi} Guðmundur var fyrstur íslenskra listamanna til að leggja stund á þessa listgrein fyrir alvöru og hélt sýningu á grafíkverkum í Reykjavík árið 1925. Jóhannes Sveinsson Kjarval var hins vegar fyrsti íslenski listamaðurinn til að láta þrykkja grafíkverk, en þar var í Kaupmannahöfn árið 1919.^{xxvii} Þó svo að Guðmundur væri frumkvöðull á sviði grafíklístar var hann ekki afkastamikill á þessu sviði en hann segir í viðtali árið 1944 að raderingum sínum hafi verið tekið frekar þurrlega þegar hann sýndi þær á Íslandi 1925.^{xxviii}

Guðmundur segir svo frá, að þegar hann dvaldi í München hafi íbúar þar verið um ein miljón og að í borgarhlutanum Schwalbing hafi búið um 8000 listamenn. Listamennirnir settu því mjög svip sinn á þennan borgarhluta og í öðru hvoru húsi voru vinnustofur.: „Á listaháskólum og einkaskólum kljást allar heimsins listastefnur og nýjar skapast. Ótal sýningarsalir og listaverzlanir hjálpa til að halda lífinu í þessum listamannasæg. [...] Margir verða þó útundan. Það sést best á veturna, þegar kuldinn herjar á þá, er ekki geta hitað upp hjá sér og hafa ef til vill ekki nema dagblöð til að

breiða fyrir gluggann í 35 stiga frosti. Þá flytja þessir píslavottar listarinnar í litlu, ódýru veitingahúsin og sitja þar yfir hálfum bjór eða kaffibolla og láta sig dreyma um frægð og auð. [...] Borgin er ekki aðeins listamiðstöð, heldur einnig aðalbækistöð fjallamanna, þeirra er leita til Alþafjalla. Af því leiðir að borgarbragurinn er bæði frjáls og hressilegur. Á fáum tímum er hægt að ná til háfjallanna og njóta frídaganna meðal hinna glaðlyndu Týrólbúa.“^{xxxix}

Í München gat Guðmundur aflað sér listmenntunar og einnig lagt stund á fjallamennsku og skíðaíþróttir sem var honum mikilvægt. Undi hann hag sínum vel í Þýskalandi. Samtímis honum voru fleiri Íslendingar í listnámi í München. Leifur Kaldal, síðar gullsmiður var herbergisfélagi Guðmundar. Einnig voru þar við nám um tíma þeir Eggert M. Laxdal sem lagði stund á málaralist og Ásgeir Bjarnþórsson sem nam bæði málaralist og höggmyndalist hjá Schwegerle. Námið í listaskólunum í München var mun frjálsslegra en í Kaupmannahöfn og minni formfesta í samskiptum nemenda og prófessora.^{xxx} Árið 1925 lauk Guðmundur listnámi sínu og hélt einkasýningu í München. Sýningunni var vel tekið og hann seldi nokkur verka sinna. Það kom sér vel og afraksturinn notaði hann til að fara í mikið ferð um Evrópu með félag sínum Ósvaldi Knudsen. Þeir héldu sem leið liggur um Mið-Evrópu og suður á Balkanskaga, um Litlu-Asíu, til Ítalíu og um Sviss til baka til Þýskalands. Í bók sinni *Fjallamenn* skrifar Guðmundur á lifandi og skemmtilegan hátt um ferðina og þau ævintýri sem þeir félagar lentu í. Hann heillaðist af fornum menningararfi og byggingarlist stórborganna sem hann sótti heim, svo sem Rómarborg og Aþenu, en var eftir ferðina uggandi um hvert stefndi í listþróun samtímans.

V.

Árið 1928 skrifaði Guðmundur grein í tímaritið *Iðunni* þar sem hann gerir grein fyrir listsýn sinni og er hér um að ræða eins konar stefnuyfirlýsingu listamannsins.

„Gjarnan vildi ég gera grein fyrir því hvar þungamiðja listarinnar lægi **nú**, en það er spurning sem mér færari menn hafa hnotið um. Vafalaust myndi maður leita á meginlandi Evrópu. Hitt er annað mál, hvort maður fyndi nokkuð þar í nútíðinni sem gæfi vonir um framtíð sem þyldi samanburð við forntíðina. Bjartsýnir menn álíta hina ný-evrópsku stefnu (eða stefnuleysi) fyrirboða nýrrar, stórkostlegrar listar. Aðrir segja

að listin sé nú í öngþveiti. [...] Eftir útliti heimssýningarinnar í Róm 1925 og annarra stórsýninga í sjö stórborgum Evrópu sama ár var ástæða til að vera hugsjúkur um þróun og afdrif hinnar nýju stefnu. Ekki vegna þess að enginn kynni að halda á pensli eða meitli, heldur af því að einangrunarhugtakið: „listin fyrir listina“ virtist hafa heltekið hina evrópsku list og gert hana að spegilmynd hins hverfula efnishyggjuanda, sem nú ríkir í heiminum. Ég vildi segja: Listin fyrir andann, fyrir þróunina og lífið. [...] Lögmál listarinnar er eilíft og verður ekki fótum troðið með sjálfbirgingshætti og einangrun. Listamaðurinn ber ábyrgð á verkum sínum gagnvart heiminum. Það er ekki sama hvort verk hans vekja háleitar hugsjónir eða þjóna lágum hvötum. Listamaðurinn verður að bera svo mikla virðingu fyrir sköpunarverkinu að hann afskræmi það ekki vísvitandi. Hann verður að hlusta á raddir samvizku sinnar og hlýða þeim.“^{xxxix}

Guðmundur var mjög afdráttarlaus í skoðunum en kjarni þessara hugmynda var í raun í takt við almennan listskilning á þessu tímasteiði. Íslensk myndlist hafði varla slitið barnsskónum og náúralísk eftirgerð þekkra fyrirmynda var sú tegund myndlistar sem mest hafði borið fyrir augu manna á Íslandi. List sem byggði á huglægrri túlkun listamannsins eða form- og litanotkun sem vék frá fyrirmyndinni var framandi fyrir Íslendinga. Þess er skemmst að minnast að þegar Kjarval sýndi djarfleg verk í anda móðernisma í Reykjavík árið 1922 var honum borið það á brýn að vera um of undir áhrifum frá „Æri-Tobba list stríðsáranna.“^{xxxix} Sömu sögu er að segja um expressjónísk verk sem Finnur Jónsson sýndi í Reykjavík árið 1925.

Framtíðarsýn Guðmunar varðandi þróun íslenskrar listar var skýr. Hún var í anda þeirrar þjóðernishyggja sem ríkti í íslenskri fagurfræði á þessu skeiði og einkum kom fram sem íhaldsemi, ofurást á fornmenningu landsmanna, dýrkunar á sveitasælu og tilhneigingar til að vernda Íslendinga fyrir óhollum áhrifum erlendis frá.^{xxxix} Hann sá fyrir sér myndlist sem byggði á íslensku eðli og á þeim þjóðlegu eiginleikum sem kenndu forfeðrunum tréskurð og vefnað en einnig skyldu listamenn sækja innblástur til náttúrunnar og hins forna íslenska bókmenntarfs: „Hver sem hefur komið á Kjöl og skilur Eddurnar hlýtur að finna eiginlegt eðli íslenskrar listar og sjálfan sig um leið. – Hið norræna eðli – eingöngu þar liggur framtíð okkar.“^{xxxix} Guðmundur var að sama skapi hræddur við að frönsk áhrif gætu haft slæm áhrif á þróun íslenskrar myndlistar

Því hann taldi að hinn rómanski andi væri íslenskri þjóðarsál framandi: „Það er óhætt að fullyrða að ef Cézanne og Matisse verða dýrlingar á Íslandi, þá er þjóðleg list útilokuð. Við getum lært af Rómönnum og skilið þá, en ekki unnið í þeirra anda, nema sem hermíkrákur – því eins og áður er sagt, eru Rómanar og Germanir andstæðir pólar sem seint munu nálægjast hvor annan. – Hin rómanska lína er bogin, og hjá þeim ræður efnið andanum, en lína Germana er bein og andi þeirra leitast við að stjórna efninu.“^{xxxv}

Guðmundur var sjálfum sér samkvæmur og hélt alla tíð fast við þessa skoðanir eins og glöggur kemur fram í verkum hans, þó svo að tíðarandinn breyttist og ný viðhorf ryddu sér til rúms í íslenskri menningu. Hann varð talsmaður íhaldssemi í listum og átti eftir að standa í miklum deilum vegna skoðana sinna.

VI.

Guðmundur flutti heim 1925 og varð strax atkvæðamikill í listalífinu og lét einnig að sér kveða á fleiri sviðum. Hann tók virkan þátt í félagsstarfi listamanna, var einn af stofnendum Bandalags íslenskra listamanna árið 1928 og fyrsti gjaldkeri félagsins, en stofnfélagar voru 46 þar af um 15 myndlistarmenn.^{xxxvi} Frá því að hann flutti heim hélt hann nánast árlega einkasýningar á verkum sínum og tók auk þess þátt í fjölda samsýninga á íslenskri myndlist erlendis. Hann var annálaður ferða- og fjallamaður og í viðtali árið 1945 segir hann að helstu áhugamál sínu utan myndlistar og fjallamennsku séu veiðar og skógrækt. Hann segir jafnframt að hann hafi ekki tíma til að sinna öllum áhugamálunum, til þess þyrfti hann að verða mörg hundruð ára gamall, eins og Metúsalem. Hann segist hafa óþrjótandi ánægju af öllu sínu starfi og harmi það mest að geta ekki afkastað meiru – og hlotið enn meiri ánægju.^{xxxvii}

Fáum árum eftir heimkomuna tók Guðmundur Listvinahúsið á Skólavörðuholti á leigu með það fyrir augum að búa þar og koma upp verkstæði fyrir leirbrennslu. Hann hafði háar hugsjónir varðandi eflingu íslensks listiðnaðar og taldi að fyrsta skrefið í þá átt væri að efla samvinnu listamanna og iðnfyrirtækja. Hann benti á að miklir möguleikar væru fyrir hendi á Íslandi á þessu sviði og náttúruauðæfi landsins nánast óhreyfð. Verkefnið væru óteljandi á sviði leirlistar, gull- tré- og járnsmíða, bókbands og vefnaðar.^{xxxviii} Hann hafði um tíma prófað sig áfram með

Íslenskan leir til að kanna hvort hann væri nothæfur til leirbrennslu, fundið efni sem hann taldi henta, sent sýni til Þýskalands og Kanada og fengið jákvæðar niðurstöður. Naut hann meðal annars fulltingis fyrrum kennara sinna í München við rannsóknir á leirnum.^{xxxix} Hann festi kaup á leirbrennsluofni sem kyntur var með kolum og timbri og fékk með eftirgangsmunum styrk frá Alþingi til kaupanna. Árið 1930 var verkstæðið tilbúið til notkunar og brennsla leirmuna hófst. Guðmundur hafði með þessum áfanga unnið mikilvægt frumkvöðlastarf og leirmunagerðin í Listvinahúsinu markar upphaf leirlistar á Íslandi.

Í Listvinahúsinu voru bæði framleiddir listmundir og nytjahlutir sem Guðmundur hannaði, lang flesta. Listmunirnir skírskotuðu margir til hins þjóðlega eða íslenskrar náttúru og spegluðu þá sýn sem hann hafði um framgang innlendrar listar og listiðnaðar. Hann leitaði í þjóðsögur og þjóðlíf eftir hugmyndum, en einnig í dýraríkið. Rjúpur, hrafnar, skógarprestir, sólskríkjur og skarfar voru meðal þeirra fugla sem hann mótaði að ógleymdum fálkanum, en fálkastyttur voru ein helsta gersemin sem Listvinahúsið framleiddi. Einnig bregður fyrir klassískum formum og t.d. art deco hönnun og mikið var framleitt fjölbreytt safn af vösum, skálum, skrautkerjum og krúsum. Lydia Pálsdóttir eiginkona Guðmundar var handhafi fyrsta meistarabréfsins í leirkerasmíði frá Íslandi og samstarfsmaður hans við leirbrennsluna. Hún segir svo frá gerð munanna: „Þegar búa á til muni úr leir eru þeir fyrst þrykkir út í mót, ef um stytur er að ræða, eða renndir, þegar búnir eru til vasar eða skálar. Hlutirnir eru svo þurrkaðir í sérstökum þurrkofni við lágan hita til þess að þeir springi ekki. Síðan eru þeir brenndir í ofni sem hitaður hefur verið upp í 900 gráður. Loks eru þeir málaðir og síðan brenndir á ný, að þessu sinni við 960 gráður. Þetta er mikil nákvæmnisvinna og krefst varfærni. [...] Engir tveir munir sem búnir voru til í Listvinahúsinu voru eins. Sumir voru áþekkir að forminu til en við höfðum gaman að því að prófa nýja liti, blæbrigðin voru mismunandi. Það fór eftir því hvar munirnir voru í ofninum hvernig liturinn kom út þótt kolaofninn væri lokaður með afar þykkum hurðum komst alltaf svolítill reykurinn og hann skipti höfuðmáli þegar kemur að litbrigðum.“^{xl}

Góður rómur var gerður að þessum fyrstu íslensku leirmunum og Listvinahúsið gekk vel. Þegar mest var voru 15-16 manns þar við störf bæði lærlingar

og aðstoðarfólk.^{xli} Eftir stríð þegar innflutningur jókst og áhugi manna á þjóðlegum listmunum fór dvínandi tók að draga úr eftirspurn eftir munum Listvinahússins. Af þeim munum sem Listvinahúsið framleiddi í áramnna rás var það ekki síst rjúpan hans Guðmundar frá Miðdal sem vann hug og hjörtu landsmanna. Rjúpan varð eins konar samnefnari fyrir leirmuni hans og tákn fyrir þjóðlegan listiðnað.

VII.

Þrátt fyrir fjölbreytta hæfileika og breitt starfssvið skilgreindi Guðmundur sig fyrst og fremst sem myndhöggvara. Höggmyndir hans eru náúralískar og oft með frásagnarlegu ívafi í samræmi við kenningar hans um að listin eigi að vera trú eftirgerð fyrirmyndarinnar, enda segir hann í viðtali, að hver sá sem vill vera einlægur í listinni verði að vinna í samræmi við sinn hugmyndaheim.^{xlii} Verk hans frá þriðja áratugnum eru sum hver ljóðræn og þokkafull, setja mannlíkamann í öndvegi og byggja á klassískum gildum höggmyndalistarinnar. Eitt þessara verka er *Stúlka með könnu* frá árinu 1925 sem er óður til fegurðar kvenlíkamans. Verkið er höggvið í íslenskt grágrýti en Guðmundur var fyrstur íslenskra myndhöggvara til að höggva í þessa steintegund.^{xliii} Hann segir um gerð verksins, að hann hafi unnið hana með handmeitlum einum og það hafi verið um átta mánaða starf.^{xliiv} Í tveimur lágmyndum frá svipuðum tíma sem annars vegar prýða gafli Landsspítalans og hins vegar austurgafli hússins Austurstræti 14 leitar Guðmundur enn á klassísk mið. Bæði form og inntak lágmyndarinnar á gafli Landsspítalans er af klassískum meiði, en myndin sýnir lækningagyðjuna með aðstoðarmeyjum sínum. Lágmyndin sem prýðir Austurstræti 14 ber nafnið *Landtakan* og segir frá landnámi Ingólfs Arnarsonar. Þar tvinnar listamaðurinn saman klassíska framsetningu hinnar þríhyrndu gaflyndar og þjóðlega vísun í sagnaarfinn.

Efni og form náttúrunnar skipa einnig mikilvægan sess í höggmyndagerð og húsaskreytingum Guðmundar. Hann vildi annars vegar nota íslensk náttúruform í verk sín og hins vegar vinna þau úr íslensku hráefni. Leirvinnsla hans var einn þáttur í þessari viðleitni, tilraun hans með að höggva út í íslenskt grágrýti annar. Á ferðalögum sínum safnaði hann einnig þeim steintegundum sem nota mætti til

húsaskrauts.^{xlv} Á fjórða áratugnum voru honum falin tvö stór verkefni við hönnun húsaskreytinga í samstarfi við Guðjón Samúelsson húsameistara, sem í verkum sínum leitaðist við að móta innlenda húsagerðarstefnu. Um 1930 teiknaði Guðjón Háskóla Íslands og Þjóðleikhúsið í stíl sem hann nefndi hamrastíl.^{xlvi} Guðmundur nefnir loftskreytingu sína í aðalsal Þjóðleikhússins *Hamrahiminn*, en skreytingin byggir á stuðlabergsformum. Hitt verkið, skreyting í anddyri Háskóla Íslands, er unnin úr íslensku silfurbergi. Hann útvegaði einnig steintegundir frá Austurlandi, kalkstein og aragonít til að klæða súlur á milli glugga anddyris háskólabyggingarinnar.^{xlvii}

Í viðtali frá árinu 1944 nefnir Guðmundur öll þessi verk sem meginverk sín undanfarin tuttugu ár og segist jafnframt hafa unnið að gerð mannamynda. Hann segir að það sé erfitt fyrir myndhöggvara að lifa á verkum sínum á Íslandi þar sem verkefni séu fá og hann hafi ekki haft skap til að sækja um styrk. Hann hafi því leitað annara leiða, tekið að móta smærri verk og brenna í leir.^{xlviii}

Allan sinn feril leitaði Guðmundur í hinn klassíska myndlistararf. Lágmynd hans *Listgreinarnar* í forsal Þjóðleikhússins frá árinu 1950 er af allgorískum toga sýnir skykkjuklæddann mann með flautu sem persónugerving tónlistarinnar, hálfnakta stúlku með sítt flaksandi hár og sveigðan líkama sem persónugerving fyrir dans og mann sem hefur aðra hönd á bók og hin snertir hörpustrenngi sem persónugerving skáldskaparins.

Árið 1952 tók Guðmundur þátt í samkeppni um verk í tilefni af Ólympíuleikunum í Helsinki og voru tvær höggmyndir hans valdar til að prýða forsal Ólympíusýningarinnar í Helsinki árið 1952. Hann skapaði verkin *Ólympíueldurinn* og *Lárviðurinn* sem sýnir hálfnakta konur með eld og lárviðarplöntu (stytturnar eru nú í íþróttahúsi Mosfellsbæjar). Verk Guðmundar hlutu góðan hljómgrunn í Finnlandi, honum var boðið að halda einkasýningu í Konsthallen í Helsinki árið 1952 og síðar var honum falið að móta mynd finnska tónskáldsins Sibelíusar. Hin stóra höfðumynd hans af tónskáldinu einkennist af formrænni einföldun, afdráttarlausri framsetningu og upphafningu hins karlmannlega og hetjulega.

Önnur meginverk hans frá þessum áratug eru standmyndin af Skúla fógeta, sem var afhjúpuð í Fógetagarðinum í Reykjavík árið 1954 og verkið *Saga* frá svipuðm tíma, sem hann gaf til væntanlegs handritasafns í Reykjavík. Þessi verk eru af sama

meiði og þau minnismerki um merka menn sem reist voru í Reykjavík í upphafi aldarinnar og höfðu það hlutverk að halda á lofti minningu um menningu og sögu þjóðarinnar og ala á þjóðrarstolti og hetjudýrkun. Guðmundur leggur í þessum verkum áherslu á hið upphafna, án þess nýta sér möguleika formsins til tjáningar og tekst ekki að glæða verkin lífi. Í ljósi sögulegrar þróunar íslenskrar höggmyndalistar var tímaskeið þeirra hugmyndafræði sem að baki verkanna lá liðið.

VIII.

Þó svo að Guðmundur hafi jafnan verið titlaður myndhöggvari var málverkið ekki síður mikilvægur þáttur í starfi hans. Hann sótti myndefni fyrir sín að stærstum hluta í íslenska fjallanáttúru, jökla og auðnir. Einnig málaði hann nokkuð í þýsku Ölpunum og Dólómítafjöllum. Hann fékkst einnig við að mála dýra- og fuglalífið úti í náttúrunni, til dæmis hrafnþing, álfir á flugi, rjúpur í vetrarbúningi eða sumarskrúða, hreindýr á fjöllum og seli á útskerjum. Einnig málaði hann gamla íslenska sveitabæi og mannlífsmýndir frá fyrri tíð sem tengdust sjósókn eða sveitalífi. Eftir stríð átti hann þess kost að ferðast um Grænland og Lappland. Hann hreifst af norðuslóðum og íbúum þeirra og málaði þar landslag, dýramýndir og einnig þjóðlífsmýndir.

Í viðtali segir Guðmundur að sterkasti þátturinn í eðli sínu hafi verið að ferðast um fjöll, klifra og drekka í sig dulmögnum þeirra. Fjallaferðir hafi haft afgerandi áhrif á listsköpun sína og samneyti við náttúruna hafi bjargað sér frá því öngþveiti sem hann taldi að listin væri komi í eftir heimstyrjöldina fyrri.^{xlix} Sem frumkvöðull í fjalla- og jöklaferðum lagði hann leið sína til marga óaðgengilegra og áður ókannaðra staða uppi á hálandinu. Áhugi hans á náttúrunni var margþættur. Hann hafði næmt auga fyrir fegurð hennar og fjölbreytileika, hafði áhuga á náttúruvísindum og mótun hennar, var áhugamaður um dýra- og fuglalíf, en einnig beindist áhugi hans að þeim verðmætum sem vinna mætti úr náttúrunni. Frásagnir hans af ævintýrlegum fjalla- og jöklaferðum á öllum árstímum hafa á sér karlmannlegan og hetjulegan blæ, en oft lenti hann í hrakningum og mannraunum.

Á ferðum sínum hafði hann skissubókina alltaf með sér, stundum málaði hann úti. Viðfangsefni hans var oft hin stórbrotna hrikafegurð óbyggðanna. Verk hans sýna

okkur síbreytileika náttúrunnar, hún er ýmist blíð og gjöful eða ógnvekjandi og tortímandi en alltaf kvik og undirorpin umbreytingaröflum veðurs og náttúrukrafta, sem stöðugt umskrifa form hennar og litróf. Þessar breytingar eru inntak fjölda verka Guðmundar, ekki síst eldgosamynda hans og einnig verka þar sem myndefnið er veðurbreytingar á fjöllum. Sú náttúrusýn sem verk hans spegla er í eðli sínu rómantísk og upphafin en samtímis lýsing á þeim undrum sem hann upplifir á fjöllum. Hann hefur glöggt auga fyrir hinni stóru heild í náttúrunni, einfaldar fyrirmyndir sínar fremur en að útlista þær í smáatriðum. Bygging verkanna er oft hefðbundin og það litróf sem hann oftast kýs að nota er dempað, jarðlitir eru ríkjandi.

Verk hans eru öguð og formföst, oft staðbundin lýsing eða eins konar frásögn hans af þeim stórkostlegu undrum og margbreytilegu fegurð sem hann upplifir á fjöllum. Þetta er í takt við þá skoðun hans að listamanninum beri að sýna fyrirmyndina eins og hún er án þess að breyta henni eða skrumskæla, form og litir eigi að vera raunsannir, listin sé fyrir andann, þróunina og lífið, en ekki listina. Í listsköpun sinni leggur hann því ekki rækt við að þróa skilning á eðli lita og forma, verk hans taka því ekki afgerandi breytingum í árunna rás. Þrátt fyrir þessar kenningar má í þeim verkum þar sem hann fæst við hið hrikalega og stórgerða í náttúrinni greina sjálfstjáningu sem felur í sér hyllingu og upphafningu hins sterka karlmanns.

Um 1950 hóf Guðmundur fyrir alvöru að mála með vatnslitum. Það virðist sem reynsla hans af þessum miðli hafi leitt hann inn á braut lausbeislaðri tjáningar og meiri litagleði. Túlkun hans á náttúrunni verður huglægari en áður, hann leggur meiri áherslu á ljósbrigði og kvika stemningu í verkum sem stundum nálgast óhlutbundna formgerð.

Jafnfram því að teikna og mála úti í náttúrinni var Guðmundur ötull ljósmyndari og eftir að hann eignaðis kvikmyndavél varð hún ómissandi á ferðum hans. Þessir miðlar, kvikmyndin og ljósmyndin, þjónuðu því markmiði hans að lýsa undrum náttúrunnar eins og hann upplifði þau. Í upphafi sjötta áratugarins sýndi Guðmundur kvikmyndir í tengslum við listsýningar sínar erlendis. Þetta voru til dæmis myndirnar *Ísland*, *Tindfjöll* og *Fjallamenn og Heklugos 1947*. Það má telja að hann hafi verið frumkvöðull á því sviði að nota kvikmyndir til að miðla náttúrusýn sinni hliðstætt málverkinu.

IX.

Þær þjóðmenningarlegu áherslur sem Guðmundur alla tíð lagði í list sinni voru, eins og áður hefur verið getið, í samhljómi við ríkjandi listskilning á þriðja áratugnum og í upphafi þess fjórða. Undirbúningur Alþingishátíðarinnar 1930 og sjálf hátíðin kom af stað mikilli þjóðmenningarlegri vakningu sem setti svip sinn á listsköpun á þessu tímabili. Landslagsmálverk, ekki síst verk máluð á Þingvöllum voru ein birtingarmynd þjóðernishyggjunnar.ⁱ Þegar líða tók á áratuginn fóru önnur viðhorf að ryðja sér til rúms í íslenskri myndlist, expressjónisma tók að gæta í auknu mæli. Guðmundur var talsmaður listar sem byggði á þjóðlegur grunni og germönskum og var, eins og fram hefur komið, ákafur andófsmaður mórernisma og franskra menningaráhrifa. Það var margt sem Guðmundi mislíkaði í hinum litla íslenska listheimi, enda var erfitt að lifa af listsköpun einni saman, hagsmunaárekstrar voru tíðir, tækifærin fá og hugmyndafræðilegur ágreiningur fór vaxandi. Guðmundur var mjög afdráttarlaus í skoðunum sínum, lét þær í ljós tæpitungulaust í ræðu og riti og átti í illskyttum ritdeilum á síðum dagblaðanna. Hann var til dæmis ekki sáttur við listgagnrýni Morgunblaðsins og snemma vetrar árið 1935 deildi hann harkalega við Jón Þorleifsson (Orra) listgagnrýnanda og listmálara og Valtý Stefánsson ritstjóra Morgunblaðsins og eiginmann Kristínar Jónsdóttur listmálara. Orri var óvæginn gagnrýnandi, sagði lof og löst á þeim listamönnum sem hann gagnrýndi án þess að draga nokkuð undan. Fannst Guðmundi að sér vegið sem og öðrum listamönnum sem aðhylltust sömu viðhorf og hann en samtímis væri þeim listamönnum sem aðhylltust franskan mórernisma hampað á síðum Morgunblaðsins. Brigslaði hann Orra um níðskrif og hlutdrægni en var svarað fullum hálsi.ⁱⁱ

Á fimmta áratugnum skerptust andstæðurnar enn frekar þegar ný kynslóð listamanna sem aðhylltist expressjónisma og síðar abstraktlist varð leiðandi í myndlistalífínu. Guðmundur var harðsvíraður andstæðingur abstraktlistar sem hann taldi ógna íslenskri menningu.ⁱⁱⁱ Deilurnar milli íhaldssamra og framsækinna menningarpóla tóku á sig ýmsar myndir. Árið 1955 risu til dæmis illúðlegar deilur um val á listamönnum á sýningu Norræna listabandalagsins sem halda átti í Rómarborg.ⁱⁱⁱⁱ Voru menn ekki á eitt sáttir um hver væri hin sanna ímynd íslenskrar menningar og

hvort framsækin samtímalist væri boðleg kynning í hinni fornu háborg menningarinnar. Fannst hinum íhaldsamari armi menningarlífins á sig hallað.

Guðmundur var aldrei í vafa um hvaða gildi bæri að hafa í heiðri varðandi kynningu á íslenskri myndlist og á hvern hátt þróun íslenskrar menningar væri best borgið. Hann var málsvari íhaldssamrar menningarstefnu sem byggði á þjóðernishyggju og umburðarlyndi hans gagnvart öðrum og framsækari viðhorfum var takmarkað. Guðmundur var sterkur og kraftmikill talsmaður skoðanna sinna og varð smám saman persónugervingur íhaldsafla í íslenskri myndlist. Hann var alla tíð trúr þeirri skoðun sinni að listin ætti að þjóna andanum, þóuninni og lífinu – ekki listinni. Guðmundur Einarsson lést í Reykjavík árið 1963.

i Illugi Jökulsson. *Guðmundur frá Miðdal*. Ormstunga, 1997, bls. 21-22.

ii sama heimild, bls. 22-23.

iii „Guðmundur Einarsson frá Miðdal, afreksmaður á leikvangi listarinnar“. *Suðurland* 8. des 1956.

iv Geir Jónasson. *Ungmennafélög Íslands 1907-1937*. U.M.F.Í., 1938, bls. 94-96.

v Guðmundur Einarsson. *Fjallamenn*. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1946, bls. 300.

vi Illugi Jökulsson. *Guðmundur frá Miðdal*. Ormstunga, 1997, bls. 25.

vii Birt í: Illugi Jökulsson. *Guðmundur frá Miðdal*. Ormstunga, 1997, bls. 29.

viii „Guðmundur Einarsson frá Miðdal, afreksmaður á leikvangi listarinnar“. *Suðurland* 8. des 1956.

ix sama heimild.

x Gunnar Kvaran. *Mótunarárin í list Ásmundar Sveinssonar*. Ásundarsafn – Listasafn Reykjavíkur, án ártals, bls. 59.

xi „Guðmundur Einarsson frá Miðdal, afreksmaður á leikvangi listarinnar“. *Suðurland* 8. des 1956.

xii Júlíana Gottskálksdóttir. *Minnisvarðar yfir merka menn, standmyndir reistar á almannafæri í Reykjavík fram til ársins 1945*, óbirt handrit 2006.

xiii Eiríkur Sigurðsson. *Með oddi og egg. Minningar Ríkarðs Jónssonar*. Skuggsjá, 1972, bls. 48-50.

- xiv Helga Guðrún Johnson. *Lifsganga Lydiu með Guðmundi frá Miðdal*. Vaka-Helgafell, 1992, bls. 62.
- xv „Guðmundur Einarsson frá Miðdal, afreksmaður á leikvangi listarinnar“. *Suðurland* 8. des 1956.
- xvi Guðmundur Einarsson. *Fjallamenn*. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1946, bls. 17.
- xvii *Íslensk myndlist. 20 listmálarar*. Kristján Friðriksson, 1943, bls. 102.
- xviii Gunnar Kvaran. *Mótunarárin í list Ásmundar Sveinssonar*. Ásundarsafn – Listasafn Reykjavíkur, án ártals. Bls. 24 og bls.60-61.
- xix Aagesen, Dorte. *Avantgarde i dansk og europæisk kunst 1909-19*. Statens Museum for kunst, 2003, bls.152-168.
- xx Abildgaard, Hanne. *Ny dansk kunsthistorie, bind 6, Tidlig modernime*. Kunstbogklubben, 1994, bls. 139-144.
- xxi Guðmundur Einarsson. „Dýrkun óskapnaðarins – sjúkdómsræði aldarinnar.“ *Morgunblaðið* 11. nóvember 1961.
- xxii Dube, Wolf-Dieter. *The Expressionists*. Thames and Hudson, 1987, bls. 95-101.
- xxiii Björn Th. Björnsson. *Íslensk myndlist á 19. og 20. öld: drög að sögulegu yfirliti I.bindi*, Helgafell, 1964, bls. 210-13.
- xxiv *Íslensk myndlist. 20 listmálarar*. Kristján Friðriksson, 1943, bls. 102.
- xxv „Leirbrennsla Guðmundar Einarssonar.“ *Morgunblaðið*, 14. desember 1930.
- xxvi Aðalsteinn Ingólfsson. *Ágrip af sögu íslenskrar grafíklistar*. Íslensk grafík 1979. Félagið íslensk grafík, 1979, bls.8-9.
- xxvii Kristín G. Guðnadóttir ofl. *Kjarval*. Nesútgáfan, 2005, bls.135-138.
- xxviii „Listamaður í 25 ár“. Viðtal við Guðmund Einarsson. *Vísir* 1. apríl 1944.
- xxix Guðmundur Einarsson. *Fjallamenn*. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, 1946, bls. 270.
- xxx Andrés Kristjánsson. *Af lífi og sál*. A.K. ræðir við Ásgeir Bjarnþórsson. Kvöldvökuútgáfan, 1973, bls.60 og bls. 64.
- xxxi Guðmundur Einarsson. „Listir og þjóðir“. *Iðunn*, 1928 „“.
- xxxii Kristín G. Guðnadóttir ofl. *Kjarval*. Nesútgáfan, 2005, bls.175.
- xxxiii Árni Sigurjónsson. *Laxness og þjóðlíf*. *Bókmenntir og bókmenntakenningar á árunum milli stríða*. Vaka Helgafell, 1986, bls.35-36.
- xxxiv Guðmundur Einarsson. „Listir og þjóðir“. *Iðunn*, 1928

- xxxv Sama heimild.
- xxxvi Illugi Jökulsson. *Guðmundur frá Miðdal*. Ormstunga, 1997, bls. 96-102.
- xxxvii „Listamaður í 25 ár“. Viðtal við Guðmund Einarsson. *Vísir* 1. apríl 1944.
- xxxviii Guðmundur Einarsson. „List, iðja, listiðnaður“. *Skírnir*, 1933
- xxxix „Leirbrennsla Guðmundar Einarssonar“. *Morgunblaðið*, 14. desember 1930.
- xl Helga Guðrún Johnson. *Lifsganga Lydiu með Guðmundi frá Miðdal*. Vaka-Helgafell, 1992, bls. 44-45 og bls. 57.
- xli sama heimild, bls. 57
- xlii „Slóðir norðursins eru mín sjónarsvið“. Viðtal við Guðmund Einarsson. *Tíminn* 19. nóvember 1955.
- xliii Gunnar B. Kvaran ofl. *Íslensk höggmyndalist*. Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir 1990, bls. 109.
- xliv „Listamaður í 25 ár“. Viðtal við Guðmund Einarsson. *Vísir* 1. apríl 1944.
- xlv sama heimild.
- xlvi Árni Sigurjónsson. *Laxness og þjóðlífið. Bókmenntir og bókmenntakenningar á árunum milli stríða*. Vaka Helgafell, 1986, bls. 37.
- xlvii Uppkast að bréfi til Jónasar Jónssonar 17.1.1958. Gögn um Guðmund Einarson. Handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns.
- xlviii „Listamaður í 25 ár“. Viðtal við Guðmund Einarsson. *Vísir* 1. apríl 1944.
- xlix „Guðmundur Einarsson frá Miðdal, afreksmaður á leikvangi listarinnar“. *Suðurland* 8. des 1956.
- ¹ Kristín G. Guðnadóttir ofl. *Kjarval*. Nesútgáfan, 2005, bls. 234.
- ^{li} Morgunblaðið og Vísir febrúar 1935. Sjá einnig Illugi Jökulsson. *Guðmundur frá Miðdal*. Ormstunga, 1997, bls. 91-96
- ^{lii} Illugi Jökulsson. *Guðmundur frá Miðdal*. Ormstunga, 1997, bls. 104-115.
- ^{liii} Hjörleifur Sigurðsson. *Listmálaráþankar*. Mál og menning, 1997, bls. 78-83
- Í: Maðurinn í náttúrunni – Náttúran í maninum. Guðmundur Einarsson frá Miðdal. Sýning í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs, 6. maí – 2. júlí 2006. Ritstjóri: Guðbjörg Kristjánsdóttir. Gerðarsafn - Listasafn Kópavogs.